

iR InterRent

BÍLALEIGA

Útibú í kringum landið

REYKJAVIK: 91-31815/686915
AKUREYRI: 96-21715/23515
BORGARNES: 93-7618
BLÖNDUÓS: 95-4350/4568
SAUÐÁRKRÓKUR: 95-5913/5969
SIGLUFJÖRÐUR: 96-71489
HÚSAVÍK: 96-41940/41594
EGILSSTAÐIR: 97-1550
VOPNAFJÖRÐUR: 97-3145/3121
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR: . 97-5366/5166
HÖFN HORNAFIRÐI: 97-8303

interRent

case IH



VÉLAR & ÞJÓNUSTA HF

Járnhálsi 2 Sími 83266 110 Rvk.
Pósthólf 10180

Flokksstarf

Selfoss

Aðalfundur framsóknarfélags Selfoss verður haldinn að Eyrarvegi 15, Selfossi fimmtudaginn 29. október kl. 20.30.
Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning fulltrúa á kjördæmisþing
3. Önnur mál

Stjórnin





Fundarboð

Aðalfundur Framsóknarfélags Kjósarsýslu verður haldinn í Hlégarði laugardaginn 31.10. kl. 17.00.
Dagskrá
- Skýrsla stjórnar
- Lagðir fram reikningar
- Stjórnarkjör
- Kosning fulltrúa á kjördæmisþing
- Önnur mál

Að loknum aðalfundi verður snæddur kvöldverður í Hlégarði. Þingmenn flokksins í kjördæminu Steingrímur Hermannsson og Jóhann Einvarðsson munu mæta á fundinn ásamt mökum. Matseðillinn hefur þegar verið ákveðinn. Borið verður fram rjómalöguð sveppasúpa ásamt piparkrydduðum lambavöðva. Á eftir verður síðan borið fram kaffi.
Verð fyrir veitingarnar er 1030 kr. fyrir manninn og eru þátttakendur vinsamlegast beðnir um að tilkynna um þátttöku í síðasta lagi 29. 10 til Gylfa í síma 666442 eða til Helga í síma 666911.
Stjórnin

DAGBÓK

Félagslíf

Frá Félagi eldri borgara

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Goðheimum, Sigtúni 3.
Húsið opnað á sunnudag, 25. okt. kl. 14:00. Dagskrá kl. 17:00.
1. sr. Emil Björnsson les úr væntanlegri bók sinni. 2. Íris Erlingsdóttir syngur við pínóundirleik.
Veitingar. Dans fram eftir kvöldi.

Vetrarfagnaður

Húnvetningafélagið í Reykjavík heldur vetrarfagnað í kvöld, laugard. 24. okt. kl. 21:30 í Domus Medica, Egilsgötu 3. Hin vinsæla hljómsveit Upplyfting leikur.

Félagsvist Húnvetningafélagsins

Félagsvist verður í dag, laugard. 24. okt. kl. 14:00 í félagsheimilinu Skeifunni 17. Veitingar og verðlaun. Allir velkomnir.

Útboð

Tilboð óskast í eftirtaldar bifreiðir sem skemmst hafa í umferðaróhöppum.

MMC Colt 1500	árgerð 1987
Mazda 626 2000	árgerð 1987
Skoda 105 L	árgerð 1987
Skoda 130 L	árgerð 1986
Skoda 105 S	árgerð 1986
Daihatsu 850 Cap Van	árgerð 1984
Fiat Uno 45 Super	árgerð 1984
Ford Fiesta 1000	árgerð 1983
MMC Galant 1600 GLS	árgerð 1983
Skoda 120	árgerð 1983
Saab	árgerð 1983
Volvo 343	árgerð 1982
MMC Lancer 1600 GL	árgerð 1981
Suzuki LJ 80	árgerð 1981
Volvo 244	árgerð 1981
Lada 1500	árgerð 1981
Subaru 1600	árgerð 1978

Bifreiðirnar verða sýndar að Höfðabakka 9, Reykjavík, mánudaginn 26. október 1987, kl. 12-16.

Á sama tíma:

Á Breiðdalsvík:	
Range Rover	árgerð 1982
Á Reyðarfirði:	
Krani Grove LP 275	árgerð 1971
Á Hvolsvelli:	
Subaru 4x4	árgerð 1977
Á Hvammstanga:	
Lada 2130	árgerð 1982
Datsun Pic up	árgerð 1977
Volvo 144	árgerð 1974
Á Siglufirði:	
Mazda 626 GLX	árgerð 1983

Tilboðum sé skilað til Samvinnutrygginga g.t. Ármúla 3, Reykjavík eða umboðsmanna fyrir kl. 12, þriðjudaginn 27. október 1987.

SAMVINNU TRYGGINGAR
ÁRMÚLA 3 108 REYKJAVÍK SÍMI (91)681411

Fundur Kvæðamannafél. Iðunnar

Kvæðamannafélagið Iðunn vill minna á fyrsta fund vetrarins í dag, laugard. 24. okt. að Hallveigarstöðum. Fundurinn hefst kl. 20:00. Fjölbreytt dagskrá og góðar veitingar.

Vetrarfagnaður Skagfirðingafélagsins

Skagfirðingafélagið í Reykjavík heldur vetrarfagnað fyrsta vetrardag í félagsheimili sínu Drangney, Síðumúla 35, og hefst hann kl. 22:00.

Kaffidagur Eskfirðinga og Reyðfirðinga í Reykjavík

Eskfirðingar og Reyðfirðingar í Reykjavík og nágrenni halda sitt árlega síðdegiskaffi fyrir eldri sveitunga sunnudaginn 25. október kl. 15:00 í Sóknarsalnum, Skipholti 50 A.

Aðalfundur Átthagasamtaka Héraðsmanna

Þriðjudaginn 27. okt. kl. 20:30 verður haldinn aðalfundur Átthagasamtaka Héraðsmanna. Fundurinn verður haldinn í Veitingahöllinni Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.
Dagskrá fundarins: Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál og Sigurður Kristinsson drepur á það helsta í 15 ára sögu samtakanna. Kaffiveitingar.

Fræðslufundur NLFR

Mánudaginn 26. október kl. 20:30 heldur Náttúrulækningafélag Reykjavíkur fræðslufund kl. 20:30 í Templarahöllinni við Skólavörðuholt. Þetta er fyrsti fræðslufundurinn í vetur, en ráðgert er að halda nokkra slíka um ýmis áhugaverð efni, en nefna má grasalækningar og tengsl mataræðis og krabbameins.
Á þessum fundi er **Ásta Erlingsdóttir, grasalæknir**, fyrirlesarinn. Hún talar um starf sitt og reynslu af notkun jurta við að bæta heilsu fólks, en þekkingu sína fékk hún frá föður sínum Erlingi Filippussyni grasalækni.
Allir áhugamenn eru velkomnir á fræðslufundinn meðan húsrúm leyfir.

Keflavíkurkirkja Kirkjudagur aldraða


Guðsþjónusta í sjúkrahúsinu kl. 10:30. Sunnudagaskóli kl. 11:00 Messa kl. 14:00 Sungið verður Tónlag séra Bjarna Þorsteinssonar. Sætaferðir frá Sandgerði kl. 13:00, Hlévangi Keflavík kl. 13:30 og Njarðvík kl. 13:40.
Systrafélagið býður til kaffidrykkju í Kirkjulundi eftir messu. **Sóknarprestur.**

Útivistarferðir

Sunnudagsferð Útivistar 25. okt.

Gönguferð á Kjalarnesi. Létt ganga. Fyrst er gengið í Presthústanga á stórstraumsfjöru og síðan um Kjalarnestanga, Músarnes og Brautarholtsborg. Söguslóðir Kjalnesingasögu. Brottför frá BSÍ, bensínsölu. Farmiðar við bíl (7OO kr.) frítt er fyrir börn með fullorðnum.
Haustblót í Skaftártungu 6.-8. nóv.
Gist í nýja félagsheimilinu Tunguseli. Fjölbreyttar gönguleiðir, t.d. með Skaftá. Afmælisveisla á laugardagskvöldið. Pantið tímanlega upplýsingar og farmiðar á skrifstofunni Grófinni 1, símar 14606 og 23732.

Sýningar



Kristján Steingrímur

Kristján Steingrímur sýnir á Kjarvalsstöðum

Um síðustu helgi opnaði Kristján Steingrímur sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða.
Á sýningunni eru fjörutíu verk, olíumálverk og grafík unnin á síðastliðnum þremur árum. Sýningin stendur til 2. nóvember og er opin kl. 14:00-22:00 alla daga.

Gallerí íslensk list: Sýning Hafsteins Austmanns

Í Galleríinu íslensk list að Vesturgötu 17 stendur yfir sýning á verkum Hafsteins Austmanns. Þetta er síðasta sýningarhelgin, því sýningunni lýkur sunnudaginn 25. okt. kl. 18:00. Sýningin er opin kl. 14:00-18:00 um helgar.

Reykvíkingar! Aðalfundur fulltrúaráðsins

Aðalfundur fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna í Reykjavík verður haldinn sunnudaginnn 25. október nk.
Fundurinn verður haldinn að Sogavegi 69 (í sal Stjórnunarfélagsins), og hefst kl. 10.00.
Dagskrá fundarins verður sem hér segir:
– Fundarsetning
– Kosning fundarstjóra og ritara
– Skýrslur formanns, gjaldkera og húsbyggingarsjóðs
– Umræður um skýrslur
– Stjórnmálaviðhorfið: Steingrímur Hermannsson formaður Framsóknarflokksins.
– Þingmál
a) Heilbrigðis- og tryggingamál. Umræðustjórar: **Guðmundur Bjarnason, Finnur Ingólfsson** og **Þóra Þorleifsdóttir.**
b) Stjórnmál (það sem efst er á baugi) Umræðustjórar: **Guðmundur G. Þórarinsson, Sigrún Magnúsdóttir** og **Alfreð Þorsteinsson.**
– Álit umræðuhópa



Steingrímur



Guðmundur



Finnur



Alfreð



Sigrún



Guðmundur G.



Þóra

– Fyrirspurnir. **Guðmundur Bjarnason, Finnur Ingólfsson, Guðmundur G. Þórarinsson** og **Sigrún Magnúsdóttir** sitja fyrir svörum.
– Kosningar
– Önnur mál
Fulltrúar eru hvattir til að fjölmenna – stundvíslega!
Stjórnin